

Ræktaðu garðinn þinn

Í fræðibókum virðist matjurtarækt oft krefjast töluverðrar þekkingar og vinnu. En ekki láta hugfallast. Það þarf ekki að vera mjög flókið að rækta sitt eigið grænmeti. Jón Jóhannsson, betur þekktur sem Nonni, er garðyrkjubóndi í Mosskógum í Mosfellsdal. Neytendablaðið spurði hann ráða.

Rétti tíminn til að hefja forræktun

„Í mars er rétti tíminn til að forrækta hægvaðnar tegundir eins og spergilkál, lauk, blómkaál og steinselju. Aðrar tegundir, eins og salat, geta beðið þar til í apríl-maí. Sáningartíminn er gefinn upp á fræpakningunum“, segir Nonni. „Athugaðu síðasta sóludag á fræbréfinu, gömul fræ spíra illa eða alls ekki!“

Sumu grænmeti má sá beint í beð en sumar tegundir þarf að forrækta innanhúss til þess að þær nái að vaxa og þroskast. Ekki er þó hægt að forrækta gulrætur eða kartöflur. Hægt er að kaupa forræktaðar grænmetisplöntur en því fylgir ákveðin stemning að forrækta sínar eigin plöntur, fylgjast með fræjunum spíra og ala plöntunum upp þar til hægt er að gróðursetja þær undir beru lofti.

En hvernig ber maður sig að við forræktun?

„Gott er að bleyta moldina í fötu og setja hana svo í bakka. Fræjunum er svo stráð jafnt yfir moldina, en ekki of þétt! Þumalputtareglan er að litlum fræjum, eins og fyrir salat, steinselju og aðrar kryddjurtir, má sá nokkur saman í potti og hylja lítið eða ekkert. Stærri fræjum, eins og fyrir blómkaál og spergilkál, er best að sá mjög gisid í bakka eða einu fræi í hvern pott og ýta niður um 0,5-1 sm. Þegar búid er að sá á að hylja bakkana/pottana með glerplötu, plasti eða dagblaði til að halda jöfnum raka. Svo er bakkanum komið fyrir á björtum stað. Plöntur þurfa mikla birtu en þola illa að vera í beinni sól fyrst þegar þær spíra. Passlegt hitastig er 18-20 gráður. Ekki gleyma að vökva reglulega, moldin á að vera rök en ekki blaut í gegn“.

Að undirbúa beðin

Skjól og birta eru forsendur þess að góður árangur náist. „Þegar næðir um plönturnar eykst uppgufun vatns frá blöðum og þau kælast. Því er mikilvægt að velja hlýjan og sólríkan stað fyrir beðið þannig að plönturnar vaxi vel“, bendir Nonni á.

Ef beðin eru aðeins upphækkuð, e.t.v. með kantsteinum eða trérömmum, fæst betra frárennsli, jarðvegurinn hlýnar fyrr og plönturnar eru betur varðar gegn frosti. Þetta kallar þó á meiri vökvum þegar þurrkur er mikill. „Ef beðin standa í lægð“, segir Nonni, „getur hins vegar kalt loft safnast fyrir og jarðvegurinn getur orðið súrefnislaus. Hæfileg breidd á beðum er 100-120 sm“.

Á göngustíga milli beða má leggja t.d. hellur til að losna við illgresishreinsun, en nokkur rabarbarablöð á jarðveginum milli beðanna koma líka í veg fyrir að illgresi taki yfir. Þá má líka leggja teppabúta og hylja þá síðan með t.d. grasi.

Áburður mikilvægur

Beðið er stungið upp, u.þ.b. 25 sm djúpt. Áburði og jafnvel safnhaugamold er blandað út í til að fá kröftugan vöxt og mikla uppskeru. Hægt er að nota annað hvort lífrænan eða tilbúinn áburð. Ef búfjáráburður er notaður má hann ekki vera alveg nýr. Ef tilbúinn áburður verður fyrir valinu er notaður s.k. þrigildur áburður sem er blanda af köfnunarefni, fosfór og kalí (N-P-K, t.d. Græðir 1 eða Bláakorn). Ný beð ber að kalka. Ódýrasti kalkgjafinn á Íslandi er oft skeljasandur, sem inniheldur um 90% kalk.

Gróðurkassar, pottar, ker og balar

Ef erfitt reynist að finna góðan stað er líka hægt að nota vermireiti eða gróðurkassa. Nóg er að negla saman kassa og setja yfir hann gler eða plast. Lokið skal snúa í norðvestur svo kassinn hitni ekki of mikið í sólskini. Seinni partinn í maí er glugganum lyft á heitum dögum til að lofta og herða blómin fyrir sumarið en hann lagður niður aftur á kvöldin til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum næturfrosts. Ef plöntunum verður of kalt verða blöðin blálituð. Eftir því sem næturhitinn hækkar og líkurnar á næturfrostri minnka er hægt að hafa opið lengra fram á kvöld og að lokum eru kassarnir látnir standa opnir allan sólarhringinn. Einnig er hægt að rækta í stórum pottum, kerum og böllum á skjólgóðum stað.

Sáð beint á beð

Tíminn sem gefinn er upp á fræpakningunum fyrir sáningu beint á beð er oft miðaður við heitari lönd. Moldin má ekki vera blaut eða köld, heldur minnst 6-7°C og hæfilega rök þegar sáð er beint á beð. Til þess að fá hærri jarðvegshita má leggja plastdúk yfir beðin nokkrum dögum áður. Raka þarf í gegnum efstu 5 sm, mylja köggla og slétta jarðvegsgyfirborðið. Fræinu er dreift hæfilega þétt og djúpt í rásir, sjá leiðbeiningar á umbúðunum. Ekki sá of þétt! Nonni bendir á að þetta sé sérstaklega mikilvægt þegar gulrætur eiga í hlut. Þær á helst ekki að grísa því það raskar vexti og þroska þeirra plantna sem eftir eru. Mold er svo dregin yfir og þjappað létt. Til þess að halda raka og hita í jarðveginum og hraða spírur er gott (en ekki nauðsynlegt!) að leggja akrýldúk yfir.

Grisjun

Þegar plönturnar eru komnar upp, hvort sem það er inni eða úti, þarf að huga að grísjun þannig að plönturnar þurfi ekki að keppast um birtu og vökva en það getur leitt til þess að þær verði teygðar og renglulegar. Fjarlægðu þær veiklulegustu með því að klípa af stöngulinn til að raska sem minnst jarðveginum. Vökvaðu vel á eftir.

Forræktaðar plöntur settar í beð

„Gott er að gróðursetja í skjúðu og röku veðri en alls ekki í hvassviðri eða roki“, segir Nonni. Vökvið plönturnar fyrir gróðursetningu og leysið þær svo varlega úr pottum því þær eru viðkvæmar. Gott er að gróðursetja kálplöntur dýpra en þær stóðu, en salat er gróðursett frekar grunnt. Nú er mjög mikilvægt að setja



Nonni með glænýtt grænmeti á markaðinum í Mosfellsdal

plönturnar ekki of þétt. Hafðu a.m.k. 30 sm milli kálplantna en 20 sm milli salatsplantna. Vökvaðu varlega yfir jarðveginn eftir gróðursetninguna.

Umhirða yfir vaxtartímann

Þegar plönturnar eru orðnar stálpaðar (u.þ.b. 5-7 sm) má þekja beðin með t.d. nokkurra sm lagi af þurru grasi til þess að minnka myndun illgresis. Illgresi keppir við grænmetið um næringu, birtu og pláss.

Hægt er að ná betri árangri í ræktuninni með því að leggja akrýldúk eða netdúk, sem hleypir bæði vatni og ljósi í gegn, yfir beðið til þess að hækka hitastigið.

„Smáplöntur þarf að vökva oftar því þær hafa lítið rótarkerfi sem liggur grunnt og jarðvegurinn í kringum þær þornar fljótt”, bendir Nonni á. Bláplöntur, svo sem salat og kál, þurfa ríkulega vökvun til þess að vaxa vel og verða ekki beiskar á bragðið. Best er að vökva vel (rakinn á að ná 7-10 sm niður), helst seinni part dags þegar jarðvegshiti er hæstur.

Næsta ár...

Meðan á ræktuninni stendur er gott að skrifa hjá sér hvað hefur gengið vel og hvað mætti betur fara.

Til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma, skaðvalda og „jarðvegsþreytu” á ekki að rækta plöntur af sömu ætt í sama beði, eða á sama stað í beðinu, ár eftir ár. Svokölluð skiptiræktun er nauðsynleg og gerir líka illgresinu erfiðara fyrir. Í heimilisgrænmetisgarðinum er þriggja ára skiptiræktun nóg. Grænmetið er flokkað eftir þeim áhrifum sem það hefur á næstu ræktun á eftir og gott er að rækta rótargrænmeti eftir blaðgrænmeti, eins og dæmið hér sýnir:

Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3
Baunir, blaðlaukur, radísur, salat, selleri, spínat og steinselja.	Gulrætur, kartöflur, rauðrófur og aðrar rófur.	Blómkál, grænkál, hvítkál, kínakál og spergilkál.

Næsta ár eru tegundir sem voru ræktaðar á svæði 1 ræktaðar á svæði 2, tegundir á svæði 2 á svæði 3 og tegundir sem voru á svæði 3 færast yfir á svæði 1. Svona gengur þetta koll af kalli.

LW

Matjurtagarðar til leigu

Um þessar mundir gætir ört vaxandi áhuga á matjurtarækt og óskum eftir leigu á garðlöndum hefur fjölgað. Í höfuðborginni var ákveðið að stíga grænt skref og fjölga garðlöndum til útleigu sumarið 2009. Leigugjald verður 4.400 kr. og skiki fyrir garðhýsi verður leigður út á 5.200 kr.

Neytendablaðið kannaði hvort fleiri sveitarfélög bjóði íbúum sínum garðlönd til leigu og hafði samband við 18 stærstu sveitarfélög landsins. Eftirfarandi sveitarfélög leigja út skika sumarið 2009: Akranes, Akureyri, Borgarbyggð, Fjallabyggð, Garðabær, Hafnarfjörður, Hornafjörður, Hveragerði, Ísafjarðarbær, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Vestmannaeyjar.

Fyrirspurn okkar var nokkuð snemma á ferðinni og í flestum tilfellum var ekki búið að ákveða leigugjald, stærð eða jafnvel fjölda

garðlanda. Við munum því birta verðkönnun og aðrar upplýsingar á heimasíðu Neytendasamtakanna þegar líða tekur á vorið.

Dæmi eru um að garðyrkjubændur og jarðeigendur bjóði uppá útleigu á skika. Til dæmis munu Mosskógur í Mosfellsdal bjóða leigubeð í sumar þar sem fagmaður veitir upplýsingar og fræðslu. Matjurtarækt er einmitt tilvalin afþreying, holl útivist og góð búbat fyrir fjölskyldur á erfiðum tímum.

Neytendasamtökin vilja gjarna fá upplýsingar um aðila sem bjóða garðlönd til leigu og þá einnig um hvort aðrir kostir séu í boði eins og þátttaka í haustuppskeru þar sem utanaðkomandi geta mætt í vinnu við uppskeru gegn ákveðnum hlut á móti bóndanum. Viðkomandi eru beðnir um að senda línu á netfangið ns@ns.is þar sem fram kemur staðsetning, verð og tengiliður.